

# FOSSHOTEL

## HEKLA



## Fosshótel Hekla

Fosshótel Hekla er með bestu sveitahótelum sunnan heiða. Það er einungis í klukkustundar fjarlægð frá höfuðborginni en þó í nálægð við margar af helstu náttúruperlum Suðurlands, svo sem Eyjafjallajökul og Fimmvörðuháls. Frá hótelinu er einnig stutt í hálendið, Landmannalaugar, Kjöl og Sprengisand. Fosshótel Hekla stendur miðsvæðis á Skeiðunum þaðan sem útsýni er til allra átta. Á hótelinu eru 46 þægileg og vel búin herbergi.

- ✓ 46 herbergi
- ✓ Morgunverður innifalinn
- ✓ Veitingastaður og bar
- ✓ Fundaherbergi
- ✓ Heitir pottar
- ✓ Næg bílastæði
- ✓ Frítt WiFi

## Herbergin

Á Fosshótel Heklu eru 46 glæsileg herbergi með öllum nútímaþægindum, svo sem ókeypis þráðlausu neti, gervi-hnattasjónvarpi og hárblásara, auk þess sem te- og kaffisett er í herbergjum eða á herbergjagangi. Herbergin skiptast í einstaklingsherbergi, tveggja manna herbergi, fjölskyldusvítur og loftsvítur. Fosshótel Hekla er reyklaust hótél.

### Einstaklingsherbergi

Í boði eru þrjú einstaklingsherbergi með garðútsýni eða útsýni yfir Heklu. Í herbergjunum er sjónvarp, skrifborð, baðherbergi með sturtu og hárburrku.

### Tveggja manna herbergi

Tveggja manna herbergin eru 20 talsins, ýmist með hjónarúmi eða tveimur aðskildum rúmum. Í herbergjunum er sjónvarp, skrifborð, baðherbergi með sturtu og hárburrku.

### Loftsvítur

Loftsvíturnar eru tvær, 31 og 35 fermetrar að stærð. Þær eru glæsilega innréttaðar, bjart og hátt til lofts. Í svítunum er king-size hjónarúm, setusvæði, skrifborð, baðherbergi með sturtu, baðkari, hárblásara og flatskjár með úrvali sjónvarpsrása. Auk þess er boðið upp á baðsloppa og inniskó til að auka á þægindin.

### Fjölskyldusvítur

Boðið er upp á þrjár fjölskyldusvítur og rúma þær 4-5 manneskjur. Svíturnar eru einstaklega rúmgóðar og með fallegu útsýni. Í fjölskyldusvítunum eru tvö einstaklingsrúm og eitt stórt hjónarúm, setusvæði, skrifborð, baðherbergi með sturtu og hárblásara, flatskjár með úrvali sjónvarpsrása. Auk þess er boðið upp á baðsloppa og inniskó til að auka á þægindin.

# Veitingastaðurinn

Höfuðáherslan á veitingastað Fosshótel Heklu er að bjóða upp á góðan mat úr hágæða hráefni úr heimabyggð. Mikið af hráefninu kemur því beint frá bændum á Suðurlandi.

Veitingastaðurinn er rúmgóður og bjartur og tekur allt að 110 manns í sæti. Hann hentar því vel fyrir ýmis hátíðahöld svo sem brúðkaup, árshátíðir og fleira.

## Ráðstefnur og fundir

Fosshótel Hekla er vinsæll staður fyrir fundi og ráðstefnur, hvort sem um ræðir litla vinnufundi eða nokkurra daga ráðstefnu. Fundaraðstaðan rúmar allt að 60 manns í sæti og hlýlegur fundar- og ráðstefnusalur okkar er búinn fullkornustu tækjum.



**FOSSHOTEL**  
HEKLA